

Alþingi  
Erindi nr. P 122/1954  
komudagur 21.4.198**Sjávarútvegsráðuneytið**

Skóláögutu 4 - 150 Reykjavík - Sími 560 9670 - Bréfasími 562 1853

**SÍMBRÉF**

|   |  |
|---|--|
| Móttakandi:<br>Gunnar Jakobsson<br>Nefndasvið Alþingis<br>Bréfasími: 5630 630 | Sendandi:<br>Hulda Lilliendahl<br>Tilvísun: 98040052 |
| Sent: 20. apríl 1998  | Fjöldi síðna: 1                                      |

**Efni: Drög að fréttatilkynningu**

Hér að neðan eru drög að fréttatilkynningu um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum. Vinsamlegast hafðu samband við Árna Kolbeinsson ráðuneytisstjóra eða Jón B. Jónasson vegna fundarins í sjávarútvegsnefnd Alþingis í fyrramálið.

Kveðja,

  
Hulda Lilliendahl
**DRÖG****Veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum vorið 1998.**

Eins og fram hefur komið er til umfjöllunar á Alþingi frumvarp til laga um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. Ekki er ljóst enn hvaða reglur koma endanlega til með að gilda um þessar veiðar en hins vegar er að því stefnt að veiðarnar hefjist 2. maí, enda hafi þá verið gengið frá þeim reglum, sem um þær gilda.

Eins og kunnugt er hafa veiðar þessar að hluta farið fram innan lögsögu Færeyja og Jan Mayen og verður með nokkrum fyrirvara að sækja um leyfi fyrir íslensk skip til hlutaðeigandi stjórnvalda í Færeyjum og Noregi. Þar sem stuttur tími er til stefnu, eru útgerðir þeirra skipa, sem áhuga hafa á að taka þátt í þessum veiðum, hvattar til að sækja um leyfi til Fiskistofu. Þegar ákvörðun liggur fyrir um, hvaða skilyrði verða sett fyrir veitingu veiðileyfis og frekari reglur sem um veiðarnar gilda munu lok umsóknarfrestisins verða auglýst og er ljóst að sá frestur verður skammur.

Sjávarútvegsráðuneytið